

Apinn

Ég get sveiflað mér í trjánum
Klórað mér á tánum
Hausinn læt ég bara lafa niður.
Banana ég borða
Bestan á ég forða
Þetta þykir okkar besti siður.
Því að ég er api
ofurlítill api
víst er ég api
sem segir UH UH UH UH

Kanntu að hoppa

Núna hoppa allir saman
Hoppa!
Núna hoppa allir saman
Hoppa!
Núna hoppa allir saman
Því að hoppa er svo gaman.
Núna hoppa allir saman.
Ai ja ja, ai ja ja, ai ja ja. Flott.

Núna veifa allir saman
Veifa!
Núna veifa allir saman
Veifa!
Núna veifa allir saman
Því að veifa er svo gaman.
Núna veifa allir saman.
Ai ja ja, ai ja ja, ai ja ja. Flott.

Sönglög Vináttu

Blær syngur Einkennissöngur Vináttu

Ef þú sérð að einhver stríðir,
öðrum svo þeim líður illa.
Skaltu ekki líta undan,
látum engan friði spilla.
Allir krakkar þurfa vini,
svo þeim líði betur.
Þetta vita Jan og Klara, Sigríður og Pétur

Við skulum standa saman,
og reyna öll að sjá.
Að þó við séum ólík,
bæði stór og smá.
Verum góð og hjálpum,
þá verður einhver glaður.
Hvort sem það er lítil stelpa eða gamall maður.

Nafnasöngur lag: Allir krakkar

Blær er vinur, Blær er vinur,
Blær er vinur minn.
Blær er vinur góður,
Blær er vinur fróður.
Blær er vinur, Blær er vinur,
Blær er vinur minn.

Höndum veifað fyrir framan líkamann. Klappa saman höndum Teygja hendur upp fyrir höfuð Höndum veifað fyrir framan líkamann.
--

Halló Blær lag: Meistari Jakob

Halló Blær, halló Blær

Komdu sæl, komdu sæll

Kanntu lík að hoppa

Komdu þá að hoppa

Hopp, hopp, hopp

Bendið á Blæ bangsa

Veifið til bangsa

Allir hoppa

Blær hleypur lag: Hjólin á strætó

Bangsinn Blær nú hleypur

Hring, hring, hring,

Hring, hring hring,

Hring, hring, hring.

Bangsinn Blær nú hleypur

Hring, hring, hring.

Öll við hlaupum saman!

Allir hlaupa í hringi

Gott er að eiga vin

Þegar endur á vatni leika

og fuglar fljúga í hóp

Við sjáum þá, við sjáum þá

þau eru vinir

og gott er að eiga vin.

Þegar Íris leikur við Lárus

og Lárus leikur við Má.

Við sjáum þá, við sjáum þá

þau eru vinir

og gott að eiga vin.

Úti í skógi

Úti í skógi, uppi í tré

heyri ég það sem hljómar svona hér.

Hver er það? Hver er það?

Hver er það sem *bankar*?

Hver er það sem *bankar* svona hér?

-það er *spæta*.

Flautar? -það er *pröstur*

Galar? -það er *gaukur*

Sestu hjá mér

Komdu og sestu hjá mér,

þá skal ég hugga þig.

Komdu og segðu mér frá þér,

þú getur talað við mig.

Mmm

Komdu ég vil þig knúsa,

og kæta þig enn um sinn.

Hlustað á vindinn blása,

nú brosirðu vinur minn.

Mmm